



185 Hestaslysáttrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 1.1 Vátryggingin bætir hvers konar slys sem á hestinum kann að verða við eðlilega notkun hans eða þegar hann er hafður í hagagöngu, hvar sem er á Íslandi. Með orðinu slys er átt við skyndilegan atburð, utanaðkomandi eða fyrir verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem stjórnar honum.
- 1.2 Vátryggingin bætir einnig slys á hestinum í hesthúsi því sem hann er geymdur í og skal geymslustaður tilgreindur í vátryggingarskírteininu. Almenn brunatrygging er innifalin. Tjón sem orsakast af eitrun er einnig innifalið sé það sannanlegt að hesturinn hafi étið annað fóður en það sem honum er venjulega ætlað.
- 1.3 Flutningur á hestum í bifreiðum milli landshluta er innifalinn sé hann framkvæmdur með viður- kenndum og venjulegum hætti.
- 1.4 Vátryggingin bætir allan réttmætan og sanngjarnan lækniskostnað sem er bein afleiðing af slysi svo og réttlætanlegan flutningskostnað til og frá dýralækni.

2. Undanskildar áhættur.

- 2.1 Vátryggingin bætir ekki slys á hestinum, ef hann er leigður út.
- 2.2 Sjúkdómar eru ekki bættir af vátryggingunni, nema því aðeins að bótaskyld slys sé bein orsök sjúkdómsins.
- 2.3 Vátryggingin bætir ekki slys á hestinum sé hann látinn taka þátt í kappreiðum, nema sérstakt samþykki komi til og viðaukagjald greitt.

3. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 3.1. Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

4. Upplýsingar um hestaeign og sala hests.

- 4.1 Við upphaf vátryggingarinnar skal vátryggingartaki gefa félaginu upplýsingar um hestaeign sína og taka fram aldur og lit þeirra hesta sem vátryggja á.
- 4.2 Sé hestur seldur fellur vátrygging niður frá þeim degi sem sala fer fram og endurgreiðist þá iðgjaldið hlutfallslega, nema félagið samþykki áframhaldandi vátryggingu fyrir nýjan eiganda. Auki vátryggingartaki við hestaeign sína á vátryggingartímabilinu, skal hann tilkynna það til félagsins sé það vilji hans að vátryggja þá hesta sem hann kann að festa kaup á eftir að frá vátryggingu var gengið í upphafi.

5. Gildistími.

- 5.1. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 6.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrir en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 5.2. Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

6. Greiðsla iðgjalds.

- 6.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 6.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn greitt.
- 6.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr.

185 Hestaslysáttrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

- 6.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 6.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 6.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

7. Ráðstafanir vegna tjóns.

- 7.1 Verði váttryggður hestur fyrir slysi ber váttryggingartaka að koma hestinum undir læknishendi til skoðunar og aðgerðar eins fljótt og tók eru á. Verði misbrestur á þessu getur hinn váttryggði átt það á hættu að missa rétt sinn til bóta úr hendi félagsins.
- 7.2 Váttryggingartaka ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að draga úr afleiðingum slyss.

8. Ákvörðun bóta.

- 8.1 Telji dýralæknir nauðsynlegt að fella hestinn vegna slyss sem fellur undir váttryggingu þessa bætir váttryggingin sannvirði hestsins. Sannvirði hestsins skal miðast við markaðsverð hans í Reykjavík.
- 8.2 Grundvallarregla varðandi bætur skal ætíð vera sú að sannvirði skal bæta þegar um bótaskyld slys er að ræða. Bætur vegna dauðaslyss geta þó aldrei farið fram úr þeirri fjárhæð sem tilgreind er á skírteini eða iðgjaldskvittun fyrir einstakan hest. Sé um að ræða hest, 14 vetra eða eldri, skal váttryggður þó ávallt sanna verðmæti hestsins með rökstuddri matsgerð eða öðru sambærilegu sönnunargagni.

9. Greiðsla bóta og eigin áhætta.

- 9.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.
- 9.2 Váttryggður ber 10% eigin áhættu í hverju tjóni en þó aldrei lægri fjárhæð en getið er á skírteini eða iðgjaldskvittun.

10. Ágreiningur um bætur – málsmeðferð.

- 10.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamállum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 10.2 Greini félagið og váttryggingartaka einvörðungu á um fjárhæð bóta, er hvorum aðila heimilt að vísa málinu til gerðardóms þriggja manna sem skal þannig skipaður að félagið tilnefni einn mann, váttryggingartaki einn mann og stjórn hestamannafélagsins Fáks skipar oddamann.
- 10.3 Þrátt fyrir úrræði 1. og 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreining fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

11. Lög um váttryggingarsamninga.

- 11.1. Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónpola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu



185 Hestaslysatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.